

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um stofnframlög ríkis og sveitarfélaga,
húsnæðissjálfsseignarstofnanir og almennar íbúðir, nr. 183/2020,
með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. málsl. 1. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað fjárhæðarinnar „340.000 kr.“ kemur: 355.000 kr.
- b. Í stað fjárhæðarinnar „7.700.000 kr.“ kemur: 8.200.000 kr.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað fjárhæðarinnar „6.957.000 kr.“ í 1. mgr. kemur: 7.696.000 kr.
- b. Í stað fjárhæðarinnar „9.740.000 kr.“ í 1. mgr. kemur: 10.775.000 kr.
- c. Í stað fjárhæðarinnar „1.739.000 kr.“ í 1. mgr. kemur: 1.924.000 kr.
- d. Í stað fjárhæðarinnar „7.509.000 kr.“ í 2. mgr. kemur: 8.307.000 kr.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. reglugerðarinnar:

- a. Á eftir 1. tölul. 1. mgr. kemur nýr tölulíður, svohljóðandi: Um er að ræða sölu íbúðar til húsnæðissjálfsseignarstofnunar eða annars aðila sem uppfyllir skilyrði til þess að fá stofnframlög skv. 4. gr.
- b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi: Ef aðstæður eru með þeim hætti sem lýst er í 2. tölul., er heimild til sölu íbúðar bundin því skilyrði að íbúðin verði áfram ætluð til notkunar sem almenn íbúð og að kaupandi taki yfir réttindi og skyldur samkvæmt samningi um stofnframlag við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og viðkomandi sveitarfélag. Við kaupin er heimilt að endurfjármagna áhvilandi lán enda haldist veðhlutfall óbreytt eða lækki miðað við veðhlutfall á kaupsamningsdegi.
- c. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi: Húsnæðis- og mannvirkjastofnun metur hvort söluverð íbúðar sé eðlilegt með hliðsjón af upphaflegu stofnvirði íbúðar og áhvilandi skuldbindingum og er heimilt að kalla eftir frekari upplýsingum og gögnum frá umsækjanda telji stofnunin þörf á.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er á grundvelli 8. mgr. 10. gr., 10. mgr. 11. gr., 9. mgr. 16. gr. og 1. mgr. 27. gr. laga um almennar íbúðir, nr. 52/2016, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 20. mars 2023.

Sigurður Ingi Jóhannsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.